

## SKIPULAGSSKRÁ fyrir sjálfseignarstofnunina Skálatúnshheimilið.

1. gr.

*Heiti.*

Sjálfseignarstofnunin heitir Skálatúnshheimilið, kt. 580269-5089 og starfar samkvæmt lögum nr. 19/1988.

2. gr.

*Heimilisfang.*

Heimilisfang Skálatúnshheimilisins er Skálatún í Mosfellsbæ.

3. gr.

*Markmið.*

Markmið heimilisins er að þjónusta fólk með þroskahömlun sem þörf er fyrir hverju sinni. Þjónustan er í formi dagþjónustu, rekstri vinnustofu, hvíldarinnlagna og skammtímavistana fyrir fólk með fötlun.

4. gr.

*Stofnendur.*

Stofnandi Skálatúnshheimilisins þann 30. janúar 1954 var Góðtemplarareglan IOGT. (Þá hét heimilið Barnaheimili templara). Árið 1958 kom Styrktarfélag vangefinna (nú Ás, styrktarfélaga) til samstarfs sem 50% aðili að heimilinu, en samkvæmt eldri skipulagsskrá tilnefndi landlæknir formann stjórnar.

5. gr.

*Stofnfé.*

Stofnfé stofnunarinnar eru eignir sem tilteknar voru í 3. gr. skipulagsskrár nr. 86/1946. Í dag er stofnféð kr. 1.000.000. Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim verðmætum er hún kann að eignast síðar.

Stofnendur hafa engin sérréttindi í sjálfseignarstofnuninni.

6. gr.

*Stjórn.*

Stjórn Skálatúnshheimilisins skipa 5 menn til 4 ára í senn.

Bindindissamtökun IOGT á Íslandi tilnefna two stjórnarmenn og two til vara og Ás, styrktarfélag, tilnefnir 2 stjórnarmenn og 2 til vara.

Frá og með tilkomu nýrrar skipulagsskrár mun velferðarráðherra skipa formann stjórnar. Stjórnarmenn skulu ekki sitja í stjórn lengur en 12 ár.

7. gr.

*Fundarboðun.*

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda eða felur framkvæmdastjóra það verk. Hver stjórnarmaður getur krafist þess að stjórnarfundur sé haldinn. Aðalfundur skal haldinn eigi síðar en 31. maí ár hvert.

Að aðalfundi loknum skal stjórnin senda reikninga til Bindindissamtakanna IOGT, Áss, styrktarfélags og velferðarráðuneytis, auk Mosfellsbæjar og Ríkisendurskoðunar.

Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

8. gr.

*Aðrar stjórnareiningar.*

Stjórn heimilisins er heimilt að ráða framkvæmdastjóra.

Nr. 720

13. ágúst 2012

Framkvæmdastjóri á rétt til setu á stjórnarfundum þótt hann sé ekki stjórnarmaður, en hann fer bó ekki með atkvæðisrétt. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur heimilisins, sem þeir óska eftir og veita ber samkvæmt lögum.

9. gr.  
*Endurskoðendur.*

Stjórn heimilisins skal velja einn eða fleiri löggilta endurskoðendur til að endurskoða reikninga heimilisins fyrir hvert starfsári. Endurskoðanda má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna heimilisins.

10. gr.  
*Reikningsárið.*

Reikningsárið er almanaksárið 1. janúar til 31. desember.

11. gr.  
*Breyting samþykkt, slit og sameining.*

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina heimilið annarri sjáfseignarstofnun eða leggja hana niður þarf samþykki allra stjórnarmanna heimilisins. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumannsins á Sauðárkróki.

12. gr.  
*Önnur ákvæði.*

Verði tekjuafgangur af starfsemi stofnunarinnar, rennur hann í varasjóð og til uppbyggingar. Sama gildir um aðrar tekjur er henni kunna að áskotnast, hvort heldur er af opinberu fē eða frá einstaklingum, félögum eða stofnunum.

Eigi má selja fasteignir stofnunarinnar, binda þær veðböndum, né kaupa eða byggja slíkar eignir er leggjast til stofnunarinnar, nema meirihluti stjórnar samþykki á tveimur fundum í röð.

Verði ekki lengur þörf fyrir rekstur heimilisins í núverandi eða breyttu formi, eða rekstur heimilisins leggst niður af einhverjum ástæðum öðrum, svo sem ef Bindindissamtókin IOGT, eða Ás, styrktarfélag telja sér ekki fært að reka heimilið eða samtökin hætta störfum, skal þá ríkisvaldið ráðstafa eignum þess og sjá um að andvirði heimilisins verði notað til stuðnings fólki með þroska-hömlun eftir því sem best hentar á hverjum tíma. Með gildistöku þessarar nýju skipulagsskrár fellur úr gildi eldri skipulagsskrá fyrir Barnaheimili templara, nr. 211/1960.

13. gr.  
*Staðfesting.*

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagskrá, nr. 19/1988.

*Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 13. ágúst 2012.*

**Ríkarður Másson.**

*Björn Ingi Óskarsson.*